

ÁRSSKÝRSLA
NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA

2. STARFSÁR

1998

Forstöðumaður

Dr. Þorleifur Eiríksson

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík
Sími: 456 7005, fax 456 7351, netfang: nv@holf.is

Inngangur

Á öðru starfsári Náttúrustofu Vestfjarða hafa orðið miklar breytingar.

Þann 17. maí var Náttúrustofa Vestfjarða opnuð formlega ásamt Náttúrugripasafni Bolungarvíkur að viðstöddum fjölda boðsgesta.

Það var fyrir séð að gengið yrði frá húsnaði stofunnar og að í tengslum við stofuna yrði opnað náttúrugripasafn sem hvort tveggja hafði í för með sér miklar breytingar. Stærstu breytingarnar voru að stofan vann að þjónustuverkefnum gegn greiðslu og að fyrsti fastráðni starfsmaðurinn fyrir utan forstöðumann var ráðinn til stofunnar.

Lög

Heimild fyrir stofnun Náttúrustofa var lögfest í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (nr. 60/1992).

Í þeim lögum eru helstu hlutverk náttúrustofa skilgreind í þremur liðum:

- a) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúruvísindum, einkum í viðkomandi landshluta.
- b) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.
- c) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Náttúrustofum er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða

Í reglugerðum fyrir hverja náttúrustofu er hlutverk náttúrustofa skýrt nánar og eru þær reglugerðir sem þegar eru komnar mjög líkar.

Umhverfisráðherra setti reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík 29. júlí 1996.

Í reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða (nr. 459/1996) stendur að hlutverk náttúrustofunnar sé:

- a) Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Vestfjarða.
- b) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúruvísindum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrfars á þeim slóðum.
- c) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum.
- d) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum.

- e) Að veita sveitarfélögum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

Stjórn

Umhverfisráðherra skipar stjórn samkvæmt tilnefningum og formann og varaformann án tilnefningar.

Formaður: Sveinn Bernóðusson, járnsmiður, Bolungarvík
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Bolungarvík.
Smári Haraldsson, menntaskólakennari, Ísafirði

Varamenn: Jón Reynir Sigurvinsson aðstoðarskólameistari, Ísafirði
Björn Hafberg, skólastjóri, Flateyri.
Ágúst K. Björnsson, sveitarstjóri, Súðavík.

Starfsmenn

Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður
Ásdís Valdimarsdóttir
Halldóra Þorvaldsdóttir
Heiðveig Pétursdóttir
Petrína Sigurðardóttir
Ester Rut Unnsteinsdóttir

Húsnæði

Lokið var við frágang á húsnæði Náttúrustofunnar og eru nú fjórar skrifstofur auk rannsóknarstofu.

Ein skrifstofa er leigð Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Bókasafn

Kjarni Náttúrustofunnar verður alltaf bóka- og skjalasafn stofunnar. Bókasafnið hefur orðið til á þessum tveim fyrstu starfsárum náttúrustofunnar. Þar er um að ræða skýrslur og greinar sem aflað hefur verið vegna fyrstu verkefna stofunnar, en einnig gjafir eins og Ritröð Náttúrufræðistofnunar Íslands og Bliki sem Ævar Pedersen færði stofunni við opnunina.

Náttúrustofan hefur þar að auki yfirtekið hluta af bóka- og greinasafni forstöðumanns og fengið annað að láni.

Til að bóka- og greinasafn nýtist er nauðsynlegt að það sé skráð og því var grunnur að skráningarkerfi byggður í Access forritinu og gert átak í að skrá bækur og skýrslur, en einnig greinar í tímaritum eins og náttúrufræðingnum sem snertu Vestfirði.

Samstarf

Þróunarsetur

Unnið hefur verið að samstarfi stofnana á Ísafirði og nágrenni undir nafni þróunarseturs og er Náttúrustofa Vestfjarða á meðal þessara stofnana.

Vatnalíffræði

Háskóli Íslands og Orkustofnun höfðu skipulagt leiðangur til sýnatöku í vestfirskum straumvötnum og boðið Náttúrustofunni þátttöku. Gísli Már Gíslason, Háskóla Íslands og Hákon Aðalsteinsson stjórnðu leiðangrinum, en Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður tók þátt fyrir Náttúrustofu Vestfjarða.

Kennsla við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, Dr. Þorleifur Eiríksson, er sérstaklega menntaður í atferlisfræði. Áður en hann fór utan til náms naut hann leiðsagnar Hrefnu Sigurjónsdóttur. Í framhaldi af því bað Hrefna forstöðumann um að kenna hluta um kynval í atferlisnámskeiði sem hún hafði umsjón með við Háskóla Íslands.

Rannsóknarverkefni

Náttúrustofa Vestfjarða vann að mörgum ólíkum rannsóknarverkefnum á árinu.

Botndýralíf við þéttbýlisstaði

Haldið var áfram með verkefnið *Botndýralíf við þéttbýlisstaði* í samvinnu við Sigurjón Þórðarson, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Sýni voru tekin á Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki og Siglufirði.

Úrvinnsla sýna frá fyrri stöðvum hélt einnig áfram.

Úttekt á botndýralífi vegna kítosanverksmiðju.

Vegna rannsókna Náttúrustofu Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á Siglufirði báðu forsvarsmen Þormóðs ramma um að botndýralíf við væntanlega kítosanverksmiðju væri rannsakað vegna starfsleyfis verksmiðjunnar Niðurstaða rannsóknarinnar var birt í skýrslu:

Þorleifur Eiríksson og Sigurjón Þórðarson. 1998. Athugun á sjó og sjávarbotni vegna frárennslis kítosanverksmiðju Kítin ehf. á Siglufirði. Unnið fyrir Kítin ehf. Náttúrustofa Vestfjarða. 19 bls.

Refarannsóknir á Hornströndum

Náttúrustofa Vestfjarða fékk fjárveitingu á fjárlögum til að hefja rannsóknir á refum á Hornströndum. Ákveðið var að gera rannsóknirnar í samvinnu við Pál Hersteinsson prófessor í Háskóla Íslands.

Forstöðumaður Náttúrustofunnar kenndi þá hluta af námskeiði í atferslisfræði við Háskóla Íslands og höfðu tveir nemendur í því námskeiði áhuga á að taka þátt í rannsóknum á refum á Hornströndum, þær Ester Rut Unnsteinsdóttir og Hólmfríður Sigþórsdóttir

Báðar voru góðir nemendur og hvorug hafði reynslu af rannsóknum né sérstaka þekkingu á refum og því var erfitt að velja á milli.

Niðurstaðan varð að hægt var að ráða báðar með því að Páll Hersteinsson, Háskóla Íslands réð Hólmfríði Sigþórsdóttur, en Náttúrustofa Vestfjarða réð Ester Rut Unnsteinsdóttur til starfa.

Þessar öflugu rannsóknarkonur voru síðan sendar í Hlöðuvík á Hornströndum til refarannsóknna og voru þær þar um sumarið og Páll Hersteinsson þeim oft til aðstoðar.

Markmið rannsókna var að kanna ferðir refa með því að merkja þá, en einnig að rannsaka fæðuval og atferli á grenjum.

Þegar að feltninu var lokið þótti það eðlilegt að borga fyrir úrvinnslu gagnanna þó það yrði gert í Reykjavík. Það varð úr að þar sem forstöðumaður Náttúrustofunnar er menntaður í atferlisfræði, þá fjallaði Ester Rut Unnsteinsdóttir um þann þátt eftir leiðbeiningum forstöðumanns. Skýrslu er ekki lokið.

Rannsóknir vegna snjóflóðavarnargarða á Ísafirði

Vegna umhverfismats fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða á Ísafirði þurfti að gera athuganir á fuglalífi og gróðurfari, sem Náttúrustofan var beðin um að gera. Náttúrustofan var einnig beðin um að sjá um nauðynlegar rannsóknir á fornminjum. Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslu:

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 1998. Athugun á gróðri, fuglum og fornminjum í Seljalandsdal í Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða.

Einnig var kannað lífríki og umhverfi Seljalandslækjar í samstarfi við Veidimálastofnun. Niðurstöður voru birtar í skýrslu:

Sigurður Már Einarsson og Þorleifur Eiríksson. 1998. Könnun á fiskframleiðslu og smádyralífi í Seljalandslæk. Náttúrustofa Vestfjarða.

Rannsóknir vegna urðunarstaðar.

Vegna starfsleyfis urðunarstaðar við Hólmavík var Náttúrustofa Vestfjarða beðin um að sjá um athuganir á fuglum, gróðri, fiski og fornminjum sem birt var í skýrslu:

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir, Ragnar Edvardsson og Sigurður Már Einarsson . 1998. Umhverfi urðunarstaðar hjá Hólmavík. Athugun á gróðurfari, fuglum, fornminjum og fiskstofnum Víðidalsár. Náttúrustofa Vestfjarða.

Vegagerð á Ísafirði

Náttúrustofa Vestfjarða sá um fuglaathuganir vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í austanverðum Ísafirði í Ísafjarðardjúpi og skilaði skýrslu:

Þorleifur Eiríksson. 1998. Athuganir á fuglalífi í austanverðum Ísafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Skýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða.

Vegna kynnisferðar Vegagerðarinnar um Ísafjörð og nágrenni með Náttúruvernd ríkisins og fleiri aðilum gerði Náttúrustofan minnisblað um náttúrufar á svæðinu, sem birtist í safnríti Vegagerðarinnar.

Þorleifur Eiríksson. 1998. Minnisblað v/vegagerðar í Ísafirði og Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir vegagerðina (greinargerð). Í kynnisferð um Mjóafjörð og Ísafjörð 3. september 1998. Vegagerðin.

Skýrslur

Þorleifur Eiríksson og Sigurjón Þórðarson. 1998. Athugun á sjó og sjávarbotni vegna frárennslis kítosanverksmiðju Kítin ehf á Siglufirði. Unnið fyrir Kítin ehf. Náttúrustofa Vestfjarða. 19 bls.

Þorleifur Eiríksson. 1998. Minnisblað v/vegagerðar í Ísafirði og Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir vegagerðina (greinargerð). Í kynnisferð um Mjóafjörð og Ísafjörð 3. september 1998. Vegagerðin.

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 1998. Athugun á gróðri, fuglum og fornminjum í Seljalandsdal í Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir, Ragnar Edvardsson og Sigurður Már Einarsson . 1998. Umhverfi urðunarstaðar hjá Hólmavík. Athugun á gróðurfari, fuglum, fornminjum og fiskstofnum Víðidalsár. Náttúrustofa Vestfjarða.

Sigurður Már Einarsson og Þorleifur Eiríksson. 1998. Könnun á fiskframleiðslu og smádýralífi í Seljalandslæk. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson. 1998. Athuganir á fuglalífi í austanverðum Ísafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Skýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þjónusta við almenning

Það hefur sést á þessu öðru starfsári náttúrustofunnar að almenningur er að verða var við tilvist stofunnar því fyrirspurnir um hin aðskiljanlegustu mál náttúrunnar hafa komið, mest símleiðis, líka með því að fólk hefur komið með sýni og þá fyrst og fremst af þöddum, sem fólk hefur viljað vita deili á.

Eitt af aðalmarkmiðum náttúrustofunnar er að aðstoða almenning og því er þessi þróun mjög ánæguleg.

Náttúrugripasafn

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur var opnað formlega að viðstöddum boðsgestum 17. maí 1998. Þá var jafnframt opnuð veggssýning um Einar Guðfinnson.

Pungamiðja sýningarinnar var fuglasafn, sem að stofni til var einkasafn keypt af Vigni Sigurðssyni, en auk þess voru margir aðrir fuglar sem gefnir voru til safnsins. Þar má nefna örn, fálka og æðarkollu á hreiðri. Að beiðni forstöðumanns kom Kristján Lillienthal og skoðaði hvort merkingar á fuglum væru réttar.

Sigurður Ægisson, fuglaskoðunarmaður og fyrrverandi prestur í Bolungarvík, einn af sporgöngumönnum safnsins, gaf safninu eggjasafn. Til að gera safnið fjölbreyttara var bætt við eggjum úr safni forstöðumanns, m.a. smyrilseggjum ættuðum úr safni barna Snæbjörns Jónassonar, fyrrverandi vegamálastjóra.

Annað aðalatriði sýningarinnar var steinasafn byggt á safni Steins Emilssonar, auk gripa frá öðrum aðilum. Sveinn Jakobsson endurskoðaði greiningar á sýnum og aðstoðaði við uppsetningu.

Við safnið er fyrirlestrarsalur en ekki hefur verið lokið við frágang hans. Ekki hefur heldur verið lokið við móttöku.

Þorleifur Eiríksson
forstöðumaður